

Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstígur 25  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20.10.2023  
Málsnúmer: 202309-0029  
SBR/SS

## Efni: Umsögn um umsókn um leyfi til vísindarannsókna í landhelgi Íslands.

Vísað er í bréf frá utanríkisráðuneytinu, dags. 19. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Deep Wind Offshore Ísland ehf. um leyfi til vísindalegra rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Rannsóknirnar varða upplýsingaöflun vegna mögulegra áforma um vindorkugarð í Faxaflóa.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsókn Deep Wind Offshore um rannsóknaleyfi með tilkynningunni. Greinargerðin er ítarleg en víðtæk og lýsing á rannsóknum almenn og fjallað um helstu umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum. Ýmsar athuganir verða framkvæmdar til að afla upplýsinga um jarðfræði svæðisins vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í norðanverðum Faxaflóa.

Framkvæmdin á sér stað á mörkum svæðis sem skilgreint hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði: Borgarfjörður-Mýrar-Löngufjörur og nær yfir grunnsævi, fjörur og inn til landsins á utanverðum Borgarfirði, þetta svæði er skilgreint sem mikilvægt vegna sjófuglabýggða, votlendis og annara svæða inn til landsins og vegna fjara og grunnsævis. Á svæðinu eru mikilvægar varpbyggðir sjófugla og dílaskarfur, æður og lundi ná alþjóðlegum verndarviðmiðum fyrir varpfugla. Svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru blesgæs, margæs, rauðbrystingur, sanderla og jaðrakan. Á fellitíma nær bæði álft og æðarfugl alþjóðlegum viðmiðum og sendlingur að vetri til. Því liggur fyrir að fjörur og grunnsævi svæðisins hafa mikið verndargildi fyrir fuglalíf allt árið um kring. Líkt og kemur fram í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016), var afmörkun svæða lauslega dregin þar sem mun nánari og staðbundnari upplýsingar þyrfti um ferðir fugla til að afmarka svæðið nákvæmar. Rannsóknasvæði Deep Wind Offshore liggur alveg upp að þessu lauslega afmarkaða mikilvæga fuglasvæði.

Annað mikilvægt fuglasvæði, Breiðafjörður, er einnig skammt frá og farleiðir fjölmargra fuglategunda sem nýta það svæði geta einnig legið nálægt áætluðu rannsóknarsvæði, sem og farleiðir tegunda sem nýta sunnanverðan Faxaflóa og Borgarfjörð sem fæðuöflunarstöðvar á leið sinni til varpstöðva í Grænlandi og Kanada. Safna þarf betri upplýsinga um hvar farleiðir lykilmargtegunda í Faxaflóa liggja. Einnig má benda á að sellátur bæði útsels og landssels er að finna nálægt afmörkun rannsóknasvæðisins og ýmsar hvalategundir nýta Faxaflóa sem fæðuöflunarsvæði og kortleggja þarf betur ferðir hvala um svæðið.

Mikilvægt er að stjórnvöld á Íslandi marki skýra stefnu og ramma fyrir úthlutanir rannsókna- og nýtingarleyfa áður en farið verður að heimila einstök rannsóknaleyfi. Líkt og vísað er til í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytis um vindorku á hafi þarf að meta samlegðaráhrif af orkuöflun á hafi, bein og óbein áhrif á lífríki og skilgreina mun víðtækar en



nú hefur verið gert verndargildi hafsvæða og vistgerða í hafi. Slík vinna er undirstöðuatriði sem mynda þarf heildræna stefnu og aðgerðaráætlun um. Því leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að rannsóknaleyfi til fyrirtækja verði ekki gefin út fyrir en heilstæð stefnumörkun stjórnvalda hefur farið fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin að veita meiri ráðgjöf t.d. um stefnumörkun í málaflokknum ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

